

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

409. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) haldinn á skrifstofu byggðasamlagsins, Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík þann 25.06.2019, kl.07:30.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður

Mættir:

Birkir Jón Jónsson, Líf Magneudóttir, Ágúst Bjarni Garðarsson, Jóna Sæmundsdóttir og Kolbrún Þorsteinsdóttir. Bjarni Torfi Álfþórsson og Magnús Örn Guðmundsson boðuðu forföll. Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri, Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri. Gestur fundarins undir lið 1 var Sævar Kristinsson frá KPMG. Guðmundur Tryggvi Ólafsson rekstrarstjóri endurvinnslustöðvanna sat fundinn undir lið 6.

Tekið fyrir:

1. Stefnumótun stjórnar

Ráðgjafi KPMG fór yfir stöðu verkefnisins. Málið rætt. Gert ráð fyrir að stjórn hittist í ágúst til að klára stefnumótunina.

2. Fjármögnun tækjabúnaðar í móttökustöð

Kynnt greinargerð Mannvits um uppbyggingu tækjabúnaðar í stöðinni sem m.a. tengist vinnslu við gas- og jarðgerðarstöðina. Um er að ræða pokaopnara, málmaskiljur, færíbönd, blásara og sigti ásamt uppsetningu búnaðarins í móttökustöð. Alls er áætlaður kostnaður 750 milljónir. Leitað var tilboða í fjármögnun verkefnisins og bárust tvö tilboð frá Íslandsbanka og Lykli. Málið rætt.

3. Bygging gas – og jarðgerðarstöðvar / stækkun móttökustöðvar í Gufunesi

Kynnt minnisblað um framvindu við byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar. Búið er að steypa um 69% af áætluðu steypumagni en verkefnið áætlast standa í 58%. Útlagður kostnaður vegna gas- og jarðgerðarstöðvar frá júlí 2018 er rétt tæpir 2 milljarðar. Stækkun móttökustöðvar er rétt byrjuð og hafa ekki komið reikningar frá verktaka ennþá. Málið rætt.

4. Niðurstaða úrskurðarnefndar um upplýsingamál í kærumáli ÍAV gegn SORPU og bréf ÍAV.

Kynnt niðurstaða Úrskurðarnefndar um upplýsingamál vegna kröfu ÍAV um aðgengi að tilteknum gögnum er varðar val á verktaka við byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar. Sömu leiðis kynnt bréf ÍAV dagsett 21. júní 2019 vegna innkaupaferils. Jafnframt lögð fram umfjöllun embættis borgarlögmans um málefnið. Máli rætt. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram með embætti borgarlögmans.

5. Lyktarmál í Álfsnesi

Framkvæmdastjóri kynnir fjölda kvartana vegna lyktarmengunar frá Álfsnesi. Jafnframt farið yfir verklag og þá áherslu sem SORPA hefur lagt á verkefnið. Málið rætt. Stjórn brýnir starfsmenn til að halda vöku sinni og vinna að því öllum árum að ástandið batni.

6. Aðstaða/fyrirkomulag á endurvinnslustöðinni á Dalvegi

Lagt fram minnisblað rekstrarstjóra endurvinnslustöðvanna viðbrögð við slyshættu þegar gámar eru fjarlægðir á opnunartíma sbr. umræður á síðasta fundi. Lagt er til að þar sem komið er fram yfir helsta álagstíma sé leigð grafa til að þjappa í þá gáma sem helst er þörf á um helgar að séu ekki hreyfðir um helgar.

7. Breyting á gjaldskrá 1. júlí n.k.

Framkvæmdastjóri og skrifstofustjóri kynna breytingu á almennri gjaldskrá 1. júlí nk. Gjaldskrárhækkun er 1,24% vegna breytinga á vísitölu frá áramótum. Gjaldskrá endurvinnslustöðvanna breytist þannig að almennt gjald fyrir rúmmeter er 6.300 kr. og fyrir úrgang til urðunar er 8.300 kr.

8. Starfsleyfi urðunarstaðar í Álfsnesi

Framkvæmdastjóri kynnir að Umhverfisstofnun hefur gefið út nýtt starfsleyfi fyrir urðun í Álfsnesi en staðurinn hefur verið rekinn á undanþágu undanfarin misseri. Starfsleyfi fyrir urðun gildir til 31.12.2020 en almennt gildir starfsleyfið til 23.05.2035.

9. Eigendafundur.

10.

Stjórn SORPU bs. óskar hér með eftir því við eigendur að haldinn verði eigendafundur sem allra fyrst þar sem fjallað verði um eftirfarandi málefni:

Förgunarmál höfuðborgarsvæðisins.

Sameining Kölku og SORPU bs.

Notkun sveitarfélaganna á metani.

Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn þann 3. júlí kl. 11:30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 09:26.

Fundarritari: Guðrún Eva Jóhannesdóttir